

Landspítali - háskólasjúkrahús
Skiptiborð - sólarhringsvakt . . . 543 1000
Lungnadeild A6 í Fossvogi. . . . 543 6670

Athygli skal vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahúsins eru bundnir þagnarskyldu og mega því ekki ræða við þig eða aðra um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kundið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga á deildinni.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
LYFLÆKNINGASVIÐ I
LUNGNADEILD A6
ÁGÚST 2006 – 1. ÚTGÁFA

HÖFUNDIR:
SIGRÍÐUR ÓLÍNA HARALDSÓTTIR

ÁBYRGÐARMADUR:
SIGRÍÐUR ÓLÍNA HARALDSÓTTIR

RITSTJÓRI:
ÞORBJÖRG SÓLEY INGADÓTTIR

LJÓSMYND OG HÖNNUN: KYNNINGAMÁL LSH/AV



5 690939 122826

Sarklíki

Upplýsingarit



Hér á eftir fara upplýsingar um sjúkdóminn sarklíki. Ef eitthvað er óljóst og spurningar vakna eftir lesturinn skaltu hiklaust leita til starfsfólks deildarinnar sem er ávallt reiðubúið að svara spurningum þínum.

Hvað er sarklíki?

Sarklíki (sarcoidosis) er sjúkdómur af óþekktum orsökum sem getur lýst sér á afar margvíslegan hátt. Um er að ræða bólgu sem getur komið fram í nánast öllum líffærum líkamans. Algengast er að sjúkdómurinn komi fram í lungum, liðum, augum, eitlum eða á húð. Sarklíki getur einnig lagst á lifur, heila og hjarta en það er mun sjaldgæfara.

Einkenni

Einkenni fara eftir því á hvaða líffæri sjúkdómurinn leggst. Algeng einkenni eru mæði, hósti, liðverkir, slappleiki, hiti, breyting á sjón og útbrot á húð. Hér á landi greinast 10 - 15 ný tilfelli á ári.

Algengast er að sjúkdómurinn komi upp hjá fólki á aldrinum 30 - 50 ára. Sjúkdómurinn er jafn algengur hjá konum og körlum.

Greining

Þegar grunur leikur á að um sarklíki sé að ræða eru gerð öndunarpróf til að kanna lungnastarfsemi. Tekin er röntgenmynd og yfirleitt tölvusneiðmynd af lungum. Oftast eru tekin blóðsýni, m.a. til að athuga hvort um blóðskort sé að ræða eða hvort sjúkdómurinn hafi skert starfsemi líffæra, eins og lifrar og nýrna.

Oft er tekið sýni til að staðfesta greininguna sarklíki. Ýmist er tekið sýni úr lungum með berkjuspjglun eða úr eitlum, sem liggja í brjóstholi, með svokallaðri miðmætisspjglun.

Einstaka sinnum þarf að taka sýni úr öðrum líffærum til að staðfesta sjúkdómsgreininguna.

Æskilegt er að þeir, sem hafa verið greindir með sarklíki, fari til augnlæknis til að kanna hvort sjúkdómurinn hafi valdið bólgu í augum, einkum ef um breytingar á sjón er að ræða. Oft er tekið hjartalínurit.

Meðferð við sjúkdómnum er í stórum dráttum þrjúþætt:

1. Beðið eftir bata.

Ef um er að ræða tilfelli þar sem einkenni eru væg og ekki eru líkur á varanlegum skemmdum vegna sjúkdómsins er oft nóg að koma í eftirlit til læknis sem fylgist vel með einkennum og grípur inn í ef þau ágerast.

2. Lyfjameðferð með sterum.

Um er að ræða töflumeðferð með sterum í háum skömmtum, oft um margna mánaða skeið. Gæta þarf að beinvernd í þessum tilfellum þar sem langvarandi sterameðferð getur stuðlað að beinþynningu. Sumir þurfa stera í innúðaformi vegna sarklíkis í berkjum sem veldur mæði og hósta.

3. Önnur lyfjameðferð.

Ef sterameðferð dugar ekki til þarf að grípa til annarra lyfja sem bæla ónæmiskerfið eins og t.d. lyfs sem heitir Methotrexat. Liðbólgu og liðverkir svara oft meðferð með bólgueyðandi lyfjum, t.d. Ibufen.

Í flestum tilfellum er sarklíki sjúkdómur sem gengur yfir án meðferðar. Ef sjúkdómurinn kemst á alvarlegt stig, þrátt fyrir öflugum lyfjameðferð, getur þurft að íhuga líffæraígræðslu.